

Fundur skólaráðs Vatnsendaskóla

24. september 2019 kl. 8:10

Mættir voru:

Áslaug Pálsdóttir, fulltrúi foreldra, Þorvar Hafsteinsson fulltrúi grenndarsamfélagsins, Guðrún Soffía Jónasdóttir, skólastjóri, Alfreð Maríusson, fulltrúi starfsmanna, Lovísa Hannesdóttir, fulltrúi kennara, Theodór Aldar Tómasson, fulltrúi kennara.

Fjarverandi: Pétur Örn Magnússon, fulltrúi foreldra og Haukur Ingi Hauksson, fulltrúi nemenda.

Fundarritari: María Jónsdóttir, aðstoðarskólastjóri.

1. Heimasíða skólans

Guðrún Soffía fór yfir að skólinn ætlar að skipta um heimasíðu en þessi gamla er barn síns tíma. Þessi vinna hefst í október og mun starfsmaður frá tölvudeild Kópavogsbæjar hjálpa til við breytingarnar. Heimasíðan mun verða í wordpress formi sem er mjög notendavænt. Umræður um heimasíður. Rætt um að foreldrafélagið hafi aðgangsstýringu.

2. Skipulag skólaráðs, dagsetningar fundardagatala

Umræður um tímasetningu á skólaráðsfundum. Ákveðið að halda þriðjudögum kl. 8:10 – 9:10 á eftirfarandi dagsetningum:

15. október

29. október

19. nóvember

21. janúar

18. febrúar

17. mars

21. apríl

19. maí

(Tveir fundir í október, annar vegna starfsáætlunar og hinn vegna umbótaáætlana, enginn fundur í desember).

3. Önnur mál

Guðrún fór yfir að í næstu viku mun fara fram kynning fyrir nemendum á unglingsstigi á ráðum og nefndum innan skólans. Óskað verður eftir tilnefningum frá nemendum eftir fundinn í nefndir og ráð.

Farið yfir að skólinn er að vinna að því að verða réttindaskóli Unicef en í því felst að vinna markvisst með barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þannig að nemendur þekki vel inntak og hugmyndafræði sáttmálans. Stofnað verður réttindaráð sem skipað verður nemendum, starfsmönnum og foreldrum. Skólinn er einnig að vinna að Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og tengist sú vinna vel Unicef verkefninu.

Skólinn er að taka þátt í Erasmus+ verkefni í fimmta sinn en í fyrsta skipti þar sem nemendur eru þátttakendur í ferðum á vegum verkefnisins. Viðfangsefnið er umhverfisvitund. Skólar frá sex löndum taka þátt í verkefninu og eru þeir frá Spáni, Litháen, Frakklandi, Grikklandi og Tyrklandi auk Íslands.

Í vetur halda kennarar áfram vinnu með verkfærakistuna en allir kennarar fóru á námskeið síðastliðinn vetur. Einnig er verið að skerpa á Uppeldi til ábyrgðar sem er uppeldisstefna skólans.

Rætt um umbótaáætlun vegna foreldrakönnunar. Rætt um matsteymi skólans og farið yfir hverjir eru í því. Í matsteyminu eru skólastjóri og aðstoðarskólastjóri, Birna Hugrún, kennari, María Ásmundsdóttir, kennari og Sigríður Elsa kennari. Við eigum eftir að fá til liðs við okkur fulltrúa foreldra, nemenda og starfsfólks í matsteymið og er áætlað að það verði gert í október.

Umbótaáætlun hefur verið gerð vegna ytra matsins og verður kynning á henni fyrir foreldra í október ásamt kynningu á umbótaáætlun vegna foreldrakönnunar sem Skólapúlsinn framkvæmdi í febrúar 2019.

Rætt um frístund og viðhorf foreldra sem fram komu í foreldrakönnun Skólapúlsins. Guðrún Soffía tilkynnti að forstöðumaður frístundar, Svanhildur Anna Gestsdóttir, hefði sagt upp og yrði starfið auglýst.